Fag: list og verkgreinar

Tímabil : 28.9-30.10 26

Bekkur:5-6.bekkur

Kennari : Sigurbjörg

_____

Markmið kennslu.

Leir mótun í Waldorfskólanum er unnin með það í huga að gera barninu kleift að velta fyrir sér og vinna með sköpunarferla og náttúrulega ferla t.d. umbreytingu í efniviðinn og styrkja viljakraftinn sinn í gegnum þessa vinnu. Mótun stuðlar að betri rýmisvitund og þjálfar hendurnar í skynjun og fínhreyfingum auk þess að dýpka listræna skynjun og innsæi.

Verkefni:

Lotan er 5 vikur og verður aðalverkefnið að búa til ílát með því að byggja upp form úr leirlengjum.

Verkefnið tengist lotu í samfélagsfræði um fornar menningarþjóðir sem unnu sín ílát úr leir á þennan máta.

Ílátið verður skreytt með frjálsum línuteikningum að utanverðu og gert lok með litlu dýrs- eða fuglsformi og síðan hrábrennt.

Hæfniviðmið í Aðalnámsskrá

nemandi getur:

-fetað sig eftir vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,

- unnið í skapandi ferli með frumkvæði og einbeitingu,

- haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,

- unnið vel og skipulega að afmörkuðu verkefni.

- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,

- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum----------

---

Námsmat

Vinnumat kennara/leiðbeinandi mat.
Þátttaka og áhugi/samvinna/frumkvæði/sjálfstæði
Skil á verkefnum og sjálfsmat/vinnumat.

Efni

Allt hráefni og verkfæri fyrir lotuna koma frá skólanum

Nemendur mega gjarnan koma með svuntur að heiman.